

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs
Dags. 15. desember 2023
Mnr. 2023020033



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - framsal byggingaréttar / lóðaúthlutunar

Skeið 8, Ísafirði

Samkvæmt reglum Ísafjarðarbæjar um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar-, sumarhúsa- og atvinnuhúsnæði, skal byggingarétti úthlutað á nafn/nöfn umsækjenda og óheimilt er að framselja byggingarrétt áður en fyrir liggur þinglýstur lóðarleigusamningur nema með sérstöku samþykki bæjarstjórnar.

Varðandi Skeið 8 eru framkvæmdir ekki hafnar, en lóð var úthlutað í mars 2023. Gatnagerðargjöld eru ógreidd, auk áfallins útlagðs kostnaðar. Verði framsal heimilað þarf að taka ákvörðun um útistandandi kröfu vegna þessa.

Samkvæmt 10. gr. samþykktar um gatnagerðargjald, stofngjald vatnsveitu og stofngjald holræsa í Ísafjarðarbæjar, er bæjarstjórn heimilt að undangenginni viðvörum að afturkalla byggingarleyfið og/eða lóðarúthlutun og skal kveðið svo á í úthlutunar- eða byggingarskilmálum, greiði lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskyldum tíma.

Þá er byggingarfrestur 12 mánuðir, þ.e. að lóð fellur aftur til Ísafjarðarbæjar hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu byggingarleyfis, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

Lagt er til við bæjarráð að taka afstöðu til erindisins, með hliðsjón af útgefinni kröfu.